

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Ásahverfi, frístundabyggð í landi Stóra Áss, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 10. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Ásahverfi í landi Stóra Áss.

Breytingin felur í sér breytingar á skilmálum í kafla 4.3 í greinargerð deiliskipulagsins.

Breyting er gerð á hámarksstærð frístundahúsa, mestu leyfilegu veggghæð, ákvæðum um byggingarefni og skilyrtum þakhalla breytt.

Egilsholt 4, Bjargsland II í Borgarnesi, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 9. desember 2021 tillögu að breytingu deiliskipulags Bjargslands II í Borgarnesi til auglýsingar. Með vísun í 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er breytingin auglýst.

Breytingin felur í sér tilfærslu og stækkun á byggingarreit, fjölgun bílastæða og útakstri bætt við á austurhlíð lóðarinnar.

Hvítárklif, deiliskipulag frístundabyggðar í landi Húsafells III, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 13. janúar 2022 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Húsafells III, málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

Breytingin felst í færslu á byggingarreit innan lóðar Hvítárklifs 9, í upprunalegt horf.

Dórðisrarbyggð, Stangarholt, frístundabyggð, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 10. mars 2022 breytingu á deiliskipulagi Stangarholts, frístundabyggðar.

Breytingin felst í lagfæringu á byggingarreit lóðar vegna leiðréttingar á staðsetningu fornleifa innan lóðar.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 23. mars 2022.

Drífa Gústafsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 5. apríl 2022